

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, Hlíðarfjallsvegur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að:

Tenging Ofanbyggðarvegur við Hlíðarfjallsveg færir til vesturs.

Vegtenging frá Hlíðarfjallsvegi að Lögmannshlíðarkirkju og hesthúsahverfi falli út en þess í stað kemur vegtenging við Ofanbyggðarveg.

Lega reiðleiðar breytist þannig að hún þverar Hlíðarfjallsveg vestar en áður var áformað.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*